

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 17. desember 2008

Lækka þarf stýrivexti

Í gær var sögulegur vaxtaákvörðunarfundur í Seðlabanka Bandaríkjanna þegar stýrivextir vestanhafs voru lækkaðir niður í 0,25% sem er sögulegt lágmark. Er þetta gert til að örva hagkerfið og sporna þar með gegn fjármálakreppunni. Ljóst er að Ísland er eitt fárra landa í heiminum - ef ekki það eina - þar sem stýrivextir hafa ekki verið lækkaðir. Þvert á móti voru vextir Seðlabanka Íslands hækkaðir í 18% fyrir fáeinum vikum í þeim tilgangi að fyrirbyggja fjármagnsflóttu.

Ljóst er að 18% stýrivextir þjóna ekki lengur því hlutverki að halda fjármagni inni í hagkerfinu þar sem nýsett gjaldeyrislög fyrirbyggja fjármagnsflutninga að nær öllu leyti. Viðskiptaráð leggur því til að Seðlabanki Íslands fari að fordæmi seðlabanka annarra ríkja og lækki stýrivexti sína til að liðka fyrir aðlögun hagkerfisins.

Erlendar ávísanir

Íslensk fyrirtæki hafa undandarið átt í vandræðum með að innleysa erlendar ávísanir í íslensku bönkunum, nánar tiltekið Kaupþingi, Landsbanka og Glitni. Ástæðan er sú að til þess að geta leyst inn erlendar ávísanir þurfa innlendir bankar að vera með traust sambönd við erlenda banka, en þessi sambönd dattu öll niður í byrjun október. Aftur á móti hafa sparisjóðirnir getað innleyst erlendar ávísanir fyrir sína viðskiptavini og þeir hafa einnig tekið við ávísunum frá öðrum til innheimtu, en það getur tekið allt upp í nokkrar vikur að fá slíkt greitt.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum horfa þessi mál til betri vegar þar sem bæði Kaupþing og Glitnir hafa nú tekið í notkun sína eigin reikninga hjá JPMorgan. Þessi bankar ættu að geta afgreitt erlendar ávísanir innan fárra daga.

Seðlabankinn skerpir á reglum um gjaldeyrismál

Í gær var tilkynnt um breytingar á nýsettum gjaldeyrisreglum. Meginbreytingarnar eru þær að ríki og sveitarfélögum hefur verið veitt undanþága frá reglunum sem og fyrirtækjum í meirihlutaeigu ríkis og sveitarfélaga, sem starfa samkvæmt sérlögum. Fyrirtæki sem eru aðilar að fjárfestingarsamningum við íslenska ríkið og fyrirtæki sem fengið hafa leyfi iðnaðarráðherra til olúleitar eru einnig undanþegin reglunum. Þá er skilaneftum sem skipaðar eru á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki veitt undanþága.

Viðskiptaráð ítrekar að ný lög um höft á fjármagnsflutningum eru mjög íþyngjandi fyrir íslenskt efnahagslíf og mun víðtækari en samkomulag ríkisstjórnar og IMF gefur tilefni til. Breytingarnar frá því í gær breyta þar engu um.

Nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið – ekki gengið nógu langt

Menntamálanefnd Alþingis hefur nú til umfjöllunar frumvarp menntamálaráðherra sem miðar m.a. að því að gera starfsemi RÚV gagnsærri og bæta samkeppnisumhverfi fjölmiðla hér á landi.

Viðskiptaráð Íslands hefur lengi barist fyrir því að opinbert eignarhald á RÚV verði lagt af og stofnunin einkavædd. En í ljósi þess að ekki er vilji til þess meðal stjórnvalda er afar mikilvægt að tekið verði alfarið fyrir þátttöku RÚV á samkeppnismörkuðum, t.a.m. á auglýsingamarkaði. Því miður þá er það eingöngu ætlunin með þessu frumvarpi að setja takmarkarnir á slíka þátttöku. Fyrir slíku banni eru margvísleg rök en Samkeppniseftirlitið benti m.a. á það í nýlegu áliti sínu að þátttaka RÚV á auglýsingamarkaði er ein veigamikil ástæða fyrir því að ekki séu fleiri öflugar stjórnvarpsstöðvar hér á landi en raun ber vitni og eignarhald þeirra ekki dreifðara. Með brotthvarfi RÚV af þeim markaði myndi, að mati Samkeppniseftirlitsins, skapast svigrúm fyrir aðra aðila að fóta sig á markaðnum sem myndi án efa efla samkeppni og fjölga valkostum neytenda.

Af þessum sökum gerir Viðskiptaráð umtalsverðar athugasemdir við frumvarpið og hefur þeim verið komið áleiðis til menntamálanefndar. Á meðal þess sem ráðið gerir athugasemdir við er að RÚV verði heimilt að selja auglýsingar til birtingar á vef sínum, að nefskatturinn verði hækkaður, að RÚV verði heimilt að afla kostunar við sýningu stórvíðburða, að RÚV verði heimilt að niðurgreiða almannaþjónustuna með tekjum úr samkeppnisrekstri og að núgildandi skilgreining á útvarpsþjónustu í almannabágu sé ekki þrengd umtalsvert. Umsögn Viðskiptaráðs við frumvarpið má nálgast [hér](#).

Aðrar umsagnir Viðskiptaráðs, sem eru orðnar hátt á fjórða tug á yfirstandandi löggjafarþingi, má nálgast [hér](#).

Ályktun stjórnar Viðskiptaráðs um aðild að ESB

Vegna núverandi efnahgsaðstæðna og mikilvægi þess að sem fyrst verði komið á meiri vissu um framtíðarskipan peningamála hefur stjórn Viðskiptaráðs Íslands ályktað um afstöðu ráðsins til mögulegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Ályktunin var samþykkt á fundi stjórnar Viðskiptaráðs í liðinni viku:

Ályktun stjórnar:

Í ljósi þeirrar stöðu sem nú er uppi í efnahagsmálum þjóðarinnar er mikilvægt að opin umræða um lausnir á efnahagsvandinum eigi sér stað og að þar verði tilteknir valkostir ekki útilokaðir. Í þessu sambandi verður ekki hjá því litið að raunverulegir efnahagslegir kostir fylgja aðild að myntbandalagi Evrópu og Evrópusambandinu (ESB). Þeir kostir verða ekki skoðaðir til hlítar nema með aðildarumsókn. Því mælist stjórn Viðskiptaráðs Íslands til þess að þegar í stað verði skilgreind samningsmarkmið og að sótt verði um aðild að ESB í kjölfarið. Þannig verði kostir aðildar kannaðir um leið og sérstökum íslenskum hagsmunum, einkum þeim sem lúta að nýtingu og stjórnun auðlinda, verður skilyrðislaust haldið til haga. Stjórn Viðskiptaráðs Íslands tekur afstöðu til aðildarsamnings þegar hann liggur fyrir.